

Umsagnir og svör vegna matsáætlunar vegna landeldis við Laxabraut.

Nr.	Athugasemd	Svar framkvæmdaraðila
1	Landsnet, dags. 05.05.26	
1.1	„Landsnet gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina.“	Þessi hluti umsagnarinnar krefst ekki svara af hálfu framkvæmdaraðila.
2	Náttúruverndarstofnun, dags. 20.5.26	
2.1	„Framkvæmdarlýsing Í greinargerð kemur fram að Thor landeldi ehf. áformar uppbyggingu landeldisstöðvar í Ölfusi til eldis á laxi. Stöðin verður staðsett á lóðunum á Laxabraut 41 og 43, Ölfusi, um 3 km, vestan við Þorlákshöfn en lóðirnar eru samliggjandi. Stefnt er að framleiðslu á 20.000 tonnum á ári í þaueldi á landi en stöðin verður byggð í þremur áföngum. Áætluð vatnspörf stöðvarinnar, við fullan rekstur, er 15 m³/sek af jarðsjó og 0,5 m³/sek af ferskvatni. Hámarkslífmassi í áframeldisstöð verður 13.000 tonn og hámarkslífmassi seiðaeldisstöðvar 135 tonn. Náttúruverndarstofnun telur að matsáætlunin gefi almennt góða mynd af þeim umhverfispáttum sem fyrirhugað er að rannsaka. Stofnunin leggur þó áherslu á að tekið verði mið af eftirfarandi ábendingum við gerð umhverfismatsins“	Þessi hluti umsagnarinnar krefst ekki svara af hálfu framkvæmdaraðila.
2.2	„Lífriki sjávar (botndýralíf, straumar, dreifing og losun) Í greinargerð kemur fram að við mat á áhrifum framkvæmdar munu sérfræðingar úttektaraðila meta áhrifa framkvæmdar á viðtaka og lífríki í viðtaka með tilliti til útpynningar næringarefna. Einnig verða sýni tekin í strandsjávarhlotinu samkvæmt vöktunaráætlun fyrir tímabilið 2024-2028 vegna fyrri áætlana Thors landeldis sem Umhverfisstofnun (nú Umhverfis- og orkustofnun) samþykkti. Vetrarstyrkur næringarefna verður athugaður og blaðgræna í mars-október. Kanna á botnþörunga og fjöru í júní 2026 og í leið verða fuglar taldir. Í umhverfismatsskýrslu verða lagðar fram mótvægisaðgerðir, ef þörf er á, auk þess sem gerð verður grein fyrir nauðsynlegri vöktun. Vöktunaráætlun verður unnin í samræmi við	Framkvæmdaraðili tekur undir mikilvægi þess að umhverfismatið byggist á heildstæðri greiningu á lífríki sjávar á framkvæmdar- og áhrifasvæði. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir fyrirbyggjandi rannsóknum og þeim viðbótargögnum sem aflað verður um botndýralíf, botngerð, ástand viðtaka, strauma, dreifingu og þynningu frárennslis, sem og magni og eðli losunar frá starfseminni, þ.m.t. næringarefnum og lífrænum úrgangi. Jafnframt verður fjallað um fyrirhugaða hreinsun, forsendur vöktunar og eftir atvikum mótvægisaðgerðir. Við matið verður einnig fjallað sérstaklega um samlegðaráhrif með annarri starfsemi á svæðinu, þ.m.t. annarri fiskeldisstarfsemi og iðnaðarsvæði, með hliðsjón af heildarlosun og mögulegum uppsöfnuðum áhrifum á vatnsgæði og

	<i>lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og í samráði við Umhverfis- og orkustofnun og aðra eldisaðila á svæðinu. Samlegðaráhrif við önnur fiskeldisfyrirtæki og iðnaðarsvæði í nágrenni við Thor landeldi verða metin sem og heildaráhrif á vatnsgæðin og lífríki viðtaka. Samlegðartilfelli verða ákvörðuð í samráði við HMS.</i> <i>Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að umhverfismatið byggist á heildstæðri greiningu á lífríki sjávar á framkvæmdar- og áhrifasvæði, þar sem lagðar eru fram upplýsingar um botndýralíf, botngerð og ástand vistkerfa. Á rekstrartíma þarf að gera grein fyrir magni og eðli losunar frá starfseminni, þar á meðal næringarefnum og lífrænum úrgangi, meta árangur fyrirhugaðrar hreinsunar og hvernig frárennsli dreifist og þynnist í viðtaka og hvaða áhrif það getur haft á lífríki sjávar. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að niðurstöður rannsókna verði nýttar við mat á valkostum og mótun mótvægisáðgerða og að þær leggi grunn að vöktun á ástandi viðtaka, þar á meðal botndýralífi og gæðum sjávar.</i> <i>Náttúruverndarstofnun telur jafnframt mikilvægt að samlegðaráhrif við aðra fyrirhugaða og starfandi fiskeldisstöðvar á svæðinu verði metin sérstaklega, þar með talið heildarlosun næringarefna og möguleg uppsöfnun áhrifa á lífríki og vatnsgæði.“</i>	lífríki, í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og í samráði við Umhverfis- og orkustofnun og eftir atvikum aðra viðeigandi aðila.
2.3	<i>„Hraun – sérstök vernd</i> <i>Í greinargerð kemur fram að framkvæmdasvæðið liggur á Leitarhrauni sem rann úr Brennisteinsfjallakerfi fyrir um 5.000 árum. Hraunið er að mestu helluhraun sem er slétt, lítt gróið, sandorpð á köflum, og inniheldur hraunreipi og hraunrásir. Við ströndina má einnig finna stuðlamyndanir. Undir hrauninu eru sjávarsetlög á 50–100 m dýpi. Hraunið nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Jarðlögin eru þó að hluta hulin jarðvegi og gróðri og njóta því ekki eins mikillar verndar. Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif á jarðmyndanir metin út frá fyrirbyggjandi jarðfræðiúttektum.</i>	Framkvæmdaraðili mun fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir í umhverfismatsskýrslu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna um svæðið, en til eru nýlegar jarðfræðilegar upplýsingar og úttektir á svæðinu sem nýtast við það mat. Umfjöllun í skýrslunni mun því byggjast á þeim gögnum sem þegar liggja fyrir, ásamt eftir atvikum frekari úrvinnslu þeirra í tengslum við mat á áhrifum framkvæmdarinnar. Framkvæmdaraðili bendir jafnframt á að það er ekki á ábyrgð hans að leggja sjálfstætt mat á verndargildi hraunsins, heldur verður í umhverfismatsskýrslu stuðst við fyrirbyggjandi upplýsingar og gildandi lagaramma. Eftir sem áður verður gerð grein fyrir þeim valkostum og útfærslum sem skoðaðar verða til að draga úr raski á jarðmyndunum eftir því sem kostur er.

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdarsvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvafyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að ítarlegar sé fjallað um náttúruvafyrirbærin í matinu og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á náttúruvafyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og hraun sem nýtur sérstakrar verndar sé kortlagt með vettvangsrannsókn. Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð.

Eldhraun - Sandorpið hraun Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að í umhverfismati verði lagt mat á hvort hraun á framkvæmdasvæðinu teljist falla undir ákvæði náttúruverndarlaga um jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar eða hvort um sé að ræða hraun sem orpið er eða hulið jarðvegi og gróðri. Þar sem ekki

	<i>er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hafa jarðminjarnar að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þeirra og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.“</i>	
2.4	„Vistgerðir og gróður <i>Í matsáætlun kemur fram að ekki sé talin þörf á að skoða vistgerðir á framkvæmdasvæðinu nánar í umhverfismatsskýrslu. Náttúruverndarstofnun telur sérstaklega mikilvægt að í umhverfismati verði fjallað um afmörkun, útbreiðslu, ástand og verndargildi vistgerða og lagt verði mat á bæði beint og óbeint rask, þar á meðal jaðaráhrif á nærliggjandi vistgerðir. Sérstaklega þarf að fjalla um fjöruvistgerðir og strandvistkerfi sem kunna að verða fyrir áhrifum framkvæmda á svæðinu og mögulegrar breytinga á strandlínu vegna fyrirhugaðra bygginga sjóvarnargarða en gert er ráð fyrir að varnargarðurinn nái um mest alla ströndina við lóð Thors. Náttúruverndarstofnun telur einnig mikilvægt að niðurstöður verði nýttar við mat á valkostum og útfærslu framkvæmdar, mótun mótvægisaðgerða og vöktun, þar á meðal til að skilgreina svæði sem beri að vernda eða endurheimta. Ef innan framkvæmdar- eða áhrifasvæðis finnast friðaðar plöntur skal gera grein fyrir þeim í umhverfismati og tryggja vernd þeirra við útfærslu framkvæmdar, sbr. auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna.“</i>	Líkt og fram kemur í matsáætlun þá er gróðurfar á svæðinu einsleitt og ekki með hátt verndargildi. Með hliðsjón af því er ekki talin þörf á sérstakri gróðurfarsúttekt vegna framkvæmdarinnar, enda er ekki líklegt að frekari vettvangsrannsóknir bæti við þekkingu með þeim hætti að það hafi þýðingu fyrir mat á áhrifum. Fram til þessa hefur ekki þótt ástæða til þess að gróðurfar á lóðinni sé sérstaklega tekið út vegna fyrirhugaðra áforma og telur framkvæmdaraðili ekki þörf fyrir slíkar rannsóknir í tilfelli laxeldisins. Framkvæmdaraðili bendir þó á að líkt og fram kemur í kafla 4.3.2, þá mun sérfræðingur Marvakt kanna botnþörunga og fjöru við framkvæmdarsvæðið.
2.5	„Fuglalíf <i>Í matsáætlun kemur fram að ekki sé talin þörf á að skoða fuglalíf á framkvæmdasvæðinu nánar í umhverfismatsskýrslu. Fram kemur að engin mikilvæg fuglasvæði eru í nágrenni við framkvæmdasvæðið. Í umhverfismatsskýrslu Heidelberg eru áhrif á lífríki í sjó og fjöru þ.m.t. fuglalíf, metin óveruleg. Tekið er fram að framkvæmdir gætu haft áhrif á fugla á válista en þéttleiki þeirra er talinn lítill. Við mat á</i>	Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á sérstakri úttekt á fuglalífi vegna framkvæmdarinnar. Byggir það á því að engin mikilvæg fuglasvæði eru í nágrenni framkvæmdasvæðisins, að fyrir liggja upplýsingar um svæðið og að í fyrri umhverfismatsvinnu á svæðinu hafa áhrif á lífríki í sjó og fjöru, þ.m.t. fuglalíf, verið metin óveruleg. Þá liggur einnig fyrir að þéttleiki fuglategunda á válista á svæðinu er talinn lítill. Með hliðsjón af þessu telur framkvæmdaraðili að sérstök og umfangsmikil fuglalífsúttekt

	áhrifum á lífríki í viðtaka munu sérfræðingar frá Marvakt telja fugla í sínum ferðum og að gerð verði grein fyrir talningum í umhverfismatsskýrslu. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að umhverfismatið byggist á vettvangsrannsóknum framkvæmdar- og áhrifasvæðis á fuglalíf, þar sem aflað verði skýrra upplýsinga um tegundasamsetningu, mögulegt varp, nýtingu svæðisins og mikilvægi þess sem fæðu- og dvalarsvæðis. Bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma þarf að meta áhrif vegna umferðar og framkvæmda, hávaða, lýsingar og annarrar starfsemi á fuglalíf. Þá þarf einnig að meta hvort breytingar á fæðuframboði vegna frárennslis geti haft áhrif á nýtingu svæðisins af hálfu fugla og á tegundasamsetningu þeirra. Náttúruverndarstofnun bendir á að jaðaráhrif vegna bygginga og starfseminnar geta valdið því að fuglar færa sig frá svæðinu og að óvíst sé hvernig þeim gengur að nýta ný fæðusvæði. Við matið þarf að taka sérstaklega tillit til ábyrgðartegunda Íslands og fuglategunda á válista, þar sem Ísland ber sérstaka verndarskyldu gagnvart þeim. Einnig er mikilvægt að niðurstöður rannsókna verði nýttar við mat á valkostum og útfærslu framkvæmdar, mótun mótvægisáðgerða og vöktunar. Allir villtir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og við mat á áhrifum þarf jafnframt að hafa hliðsjón af markmiðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd um vernd líffræðilegrar fjölbreytni.“	myndi takmarkað bæta við fyrirbyggjandi þekkingu eða breyta forsendum matsins. Eftir sem áður verður, líkt og fram kemur í matsáætlun, stuðst við fuglatalningar sem sérfræðingar Marvaktar afla samhliða öðrum vettvangsferðum á svæðinu og gerð grein fyrir þeim upplýsingum í umhverfismatsskýrslu eftir því sem við á.
2.6	„Tengsl við aðrar áætlanir - Líffræðileg fjölbreytni – stefna og markmið til ársins 2030 Náttúruverndarstofnun bendir á að í lok árs 2025 gaf ráðherra út stefnumótandi skjal um líffræðilega fjölbreytni, Líffræðileg fjölbreytni – stefna og markmið til ársins 2030. Í stefnunni er lögð áhersla á að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, vernda vistkerfi og tryggja endurheimt þeirra, auk þess sem	Framkvæmdaraðili tekur undir að eðlilegt sé að taka mið af stefnumótandi áherslum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni við umhverfismat framkvæmdarinnar. Í umhverfismatsskýrslu verður því gerð grein fyrir tengslum framkvæmdarinnar við viðeigandi stefnumörkun stjórnvalda, þar á meðal Líffræðilega fjölbreytni – stefnu og markmið til ársins 2030, eftir því sem við á. Á það við um mat á

	<i>kveðið er á um mikilvægi þess að samþætta vernd líffræðilegrar fjölbreytni í alla stefnumótun og áætlanagerð.</i> <i>Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að við umhverfismat framkvæmdarinnar verði tekið mið af markmiðum og áherslum stefnunnar, meðal annars við mat á áhrifum á vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni, val á útfærslu framkvæmdar og mótun mótvægisaðgerða og vöktunar. Sérstaklega þarf að huga að vernd vistgerða og búsvæða og möguleikum á endurheimt þar sem rask kann að verða.“</i>	áhrifum, valkostum, útfærslu framkvæmdar, mótvægisaðgerðum og vöktun.
2.7	„Landslag <i>Í greinargerð kemur fram að möguleg áhrif á landslag og sjónræna þætti tengjast mannvirkjum sem verða reist í tengslum við framkvæmdir. Við mat á áhrifum verður tekið mið af þáttum eins og fjölbreytileika og sérstöðu landslags og náttúrulegu yfirbragði. Ásýnd strandlengjunnar vestan við Þorlákshöfn einkennist að miklu leyti af uppbyggingu landeldisstöðva en lagt verður mat á samlegðaráhrif með mannvirkjum á aðliggjandi svæðum. Áhrif landeldisstöðvar Thor landeldis á ásýnd og landslag verða metin með ásýndarmyndum frá völdum stöðum þar sem áhrifin kunna að vera sem mest. Ljósmyndir verða teknar frá mismunandi sjónarhornum í átt að fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og mannvirkjum bætt á myndirnar. Leitast verður við að sýna dæmigert útsýni frá fjölförnum stöðum og stöðum sem þykja mikilvægir með tilliti til útivistar, útsýnis og viðkvæmni viðtaka séu þeir fyrir hendi. Að mati Náttúruverndarstofnunar er líklegt að framkvæmdin hafi staðbundin áhrif á landslag, einkum vegna aukins byggingarmagns og fyrirhugaðra bygginga sjóvarnargarða. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að í umhverfismati verði gerð grein fyrir mótvægisaðgerðum til að draga úr sjónrænum áhrifum, svo sem með mótun lands, litavali á byggingum, gróðri og formgerð mannvirkja. Slík umfjöllun er forsenda þess að unnt sé að leggja mat á áhrif</i>	Framkvæmdaraðili mun fjalla nánar um áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd í umhverfismatsskýrslu. Þar verður gerð grein fyrir helstu forsendum matsins, þar á meðal áhrifum byggingarmagns, hæðar og legu mannvirkja, sem og sjóvarnargarða, á náttúrulegt yfirbragð svæðisins og ásýnd strandlengjunnar. Jafnframt verður lagt mat á samlegðaráhrif með mannvirkjum á aðliggjandi svæðum og stuðst við ásýndargögn og myndræna framsetningu frá völdum sjónarhornum. Þá verður fjallað um mögulegar mótvægisaðgerðir til að draga úr sjónrænum áhrifum, svo sem varðandi staðsetningu, form, efnis- og litaval og frágang mannvirkja, eftir því sem við á, með hliðsjón af 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og markmiðum Evrópska landslagssamningsins.

	<i>framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd, sbr. 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og Evrópska landslagssamninginn.“</i>	
2.8	„Lífrænn úrgangur <i>Í matsáætlun kemur fram að fyrirhugað sé að nýta lífrænan úrgang, svo sem fóðurleifar og fisksaur, til framleiðslu áburðar. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að í umhverfismati verði gerð skýrari grein fyrir meðhöndlun, flutningi og endanlegri ráðstöfun þessa úrgangs, hvaða aðilar taki við honum og hvort nauðsynleg aðstaða og leyfi liggi fyrir. Ef ráðgert er að nýta úrganginn sem áburð þarf að gera grein fyrir hvar og með hvaða hætti honum verður ráðstafað, svo sem á túnum eða við uppgræðslu og landgræðslu, og meta umhverfisáhrif slíkrar nýtingar á jarðveg, gróður og vatn.“</i>	Framkvæmdaraðili mun skýra nánar í umhverfismatsskýrslu hvernig meðhöndlun, geymslu, flutningi og ráðstöfun lífræns úrgangs frá starfseminni verður háttað. Þar verður gerð grein fyrir meginleiðum við nýtingu eða förgun, eftir því sem við á, hvaða aðilar kunna að taka við úrgangi og að nauðsynleg leyfi og skilyrði þurfi að liggja fyrir áður en slík ráðstöfun hefst. Ef gert verður ráð fyrir nýtingu úrgangs sem áburðar eða til landbóta verður einnig gerð grein fyrir helstu forsendum þeirrar ráðstöfunar.
2.9	„Valkostir – sjóvarnargarðar <i>Í matsáætlun er ekki gerð nægjanlega skýr grein fyrir forsendum og umfangi byggingar sjóvarnargarða. Þar sem slíkar framkvæmdir breyta strandlínu og geta haft áhrif á fjöruvistkerfi og lífríki sjávar telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að í umhverfismati verði gerð grein fyrir forsendum þeirra, hvaða valkostir hafi verið skoðaðir og hvort unnt sé að draga úr umfangi slíkra framkvæmda. Jafnframt þarf að meta áhrif mismunandi valkosta á strandlínu, fjöruvistkerfi og lífríki sjávar.“</i>	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað nánar um útfærslu á sjóvarnargarði við suðurenda lóðar. Framkvæmdaraðili telur þó að umfang sjóvarnargarðarins sé óverulegt og kalli ekki á valkostaumfjöllun eða verulega umfjöllun um sérstök áhrif.
3	Veitur, dags. 21.5.26	
3.1	<i>„ Veitur hafa kynnt sér matsáætlunina og benda á að afhending á heitu vatni í iðnaðarstarfsemi er háð samningum, mati á tiltækum forða og flutningsgetu kerfisins. Veitur telja sérstaka ástæðu til að benda á að tímalínur eru knappar og ekki liggja fyrir tímasettar áætlanir fyrir forðaöflun og framkvæmdir.“</i>	Framkvæmdaraðili hyggst leita samráðs við Veitur í tengslum við afhendingu á vatni og tímalínu.
4	Náttúrufræðistofnun, dags. 22.05.26	
4.1	<i>„Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og gerir eftirfarandi athugasemdir.</i>	Framkvæmdaraðili vísar til svars við umsögn nr. 2.3.

	<i>Eins og fram kemur í matsáætluninni er framkvæmdasvæðið á Leitahrauni, nútímahrauni sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Hrauninu hefur verið mikið raskað á nærliggjandi lóðum og það er víða hulið sandi sem rýrir verndargildi þess nokkuð.</i>	
	<i>Ekki verður fjallað um gróður og fuglalíf í umhverfismatinu og er vísað í að áhrif á þessa þætti hafi verið talin lítil í umhverfismatsskýrslu sem unnin var fyrir mölunarverksmiðju sem áður var fyrirhuguð á sömu lóð. Náttúrufræðistofnun bendir á að fiskeldi getur laðað að fugla, einkum máfa en einnig aðrar tegundir. Líklegt er að máfar muni finna sér setstaði í nágrenninu en gæta skal þess að aðgerðir sem miða að því að fæla burt fugla valdi þeim ekki skaða.</i> <i>Náttúrufræðistofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við það hvernig framkvæmdaaðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá starfssvið stofnunarinnar.“</i>	Framkvæmdaraðili vísar til svara við umsögnum nr. 2.4 og 2.5.
5	Matvælastofnun, dags. 22.05.26	
5.1	<i>Í matsáætlun er fjallað um ýmsa þætti sem varða heilbrigði og velferð fiska, m.a. eldisáætlun, líffræðilega rekstrarþætti, vatnstöku, vatnskerfi, vatnsnýtingu, affall og hreinsun affallsvatns, fóðrun, fráveitu og fiskimykju, varnir gegn slyasleppingum, sjúkdómavarnir, lyfja- og efnanotkun og meðhöndlun úrgangs. Matvælastofnun telur jákvætt að gert sé ráð fyrir að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað nánar um helstu smitsjúkdóma, þekktar smitleiðir og varnir gegn smiti, auk lyfja- og efnanotkunar.</i> <i>Matvælastofnun telur einnig mikilvægt að gerð verði nánari grein fyrir uppruna hroga og seiða, heilbrigðisstöðu upprunastöðva, fyrirkomulagi flutninga og sölu seiða til þriðja aðila, þrifum og sótthreinsun búnaðar, flutningstækja, lagna og annarra snertiflata.</i>	Í umhverfismatsskýrslu verður nánar gert grein fyrir uppruna hroga og seiða, flutningi og hreinsun búnaðar. Framkvæmdaraðili vísar til svars við umsögn nr. 5.4 og 5.8 varðandi strokvarnir og flutning fisks.

	Sérstaklega þarf að fjalla um áhættu tengda dælingu fisks milli kerja og framleiðslueininga og flutningi seiða í brunnbát frá höfninni í Þorlákshöfn, enda geta slíkir flutningar haft þýðingu fyrir sjúkdómavarnir, velferð fiska, rekjanleika og strokvarnir. Matvælastofnun vil samt sem áður benda sérstaklega á eftirfarandi þætti.	
5.2	Í kafla 2.1.2 er fjallað um náttúruvá, m.a. jarðskjálfta, sjávarflóð, sjógang og sandfok. Matvælastofnun telur að í umhverfismatsskýrslu þurfi að tengja þessa umfjöllun með skýrum hætti við velferð fiska, strokvarnir og sjúkdómavarnir. Sérstaklega þarf að fjalla um hvort sjávarflóð, brim, rof á varnargörðum, jarðskjálftar eða rafmagnstruflanir geti valdið bilun í eldiskerjum, lögnum, frárennsli, dælustöðvum eða súrefniskerfum og hvaða mótvægisáðgerðir verði til staðar.	Í matsáætlun er gert grein fyrir náttúruvá sem kann að vera til staðar á svæðinu og þeim áhrifum sem skjálftavirkni, eldgos, sjávarflóð og sandfok getur haft á starfsemina. Í umhverfismatsskýrslu verður nánar fjallað um hvernig náttúruvá getur haft áhrif á strokvarnir og sjúkdómavarnir.
5.3	Í kafla 3.4.2 er fjallað um vatnstöku, vatnskerfi, vatnsnýtingu og hreinsun affallsvatns. Matvælastofnun telur mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu verði gerð ítarleg grein fyrir uppruna og meðhöndlun alls eldisvatns, bæði ferskvatns og jarðsjávar, með tilliti til smitvarna. Sérstaklega þarf að gera grein fyrir því hvort gert sé ráð fyrir UV-geislun, síun eða annarri meðhöndlun vatns áður en það fer inn í eldiseiningar. Ef slík meðhöndlun er ekki fyrirhuguð þarf að rökstyðja það með áhættumati sem tekur til mögulegra smitleiða úr umhverfi inn í stöðina.	Í umhverfismatsskýrslu verður gert grein fyrir vatnstöku, meðhöndlun vatns og þeim smit- og sjúkdómavörnum sem nauðsynlegar eru með hliðsjón af uppruna vatns, notkun þess í eldi og kröfum lögbundins eftirlits.
5.4	Í kafla 3.4.3 og 3.5.3 kemur fram að hluti seiða geti farið í sölu og verið fluttur í brunnbát frá Þorlákshöfn. Matvælastofnun leggur áherslu á að í umhverfismatsskýrslu verði gerð ítarleg grein fyrir flutningi lifandi fisks, bæði með tilliti til smitvarna og strokvarna. Þar þarf að fjalla um heilbrigðisstöðu fisks fyrir flutning, talningu fisks, dælingu, tengibúnað, lokanir, þrýstiprófanir, veðurmörk, ábyrgð starfsmanna, viðbrögð við bilun og búnað til endurheimtu fisks ef óhapp verður. Einnig þarf að gera grein fyrir þrifum og sótthreinsun	Í umhverfismatsskýrslu verður nánar gert grein fyrir flutningum og helstu flutningaleiðum lifandi fisks. Jafnframt verður fjallað um fyrirkomulag smitvarna og strokvarna, gert verður grein fyrir þeim búnaði og verklagi sem ætlað er að lágmarka líkur á slyasleppingum við flutning fisks og draga úr smitáhættu.

	<i>brunnbáta, flutningsbúnaðar og annarra tækja sem geta borið smit milli eldisstöðva.</i>	
5.5	<i>Í kafla 3.4.5 er fjallað um rafmagn og rafmagnspörf. Fram kemur að heildarrafmagnspörf stöðvarinnar verði 10,8 MW og að varaafllstöðvar verði á svæðinu. Að mati Matvælastofnunar þarf í umhverfismatsskýrslu að gera betur grein fyrir því hvernig raforkupörf skiptist milli rekstrarþátta, svo sem dælingar, súrefnisframleiðslu, vatnshringrásar, hreinsibúnaðar, fóðrunar og slátrunar. Einnig þarf að gera grein fyrir afköstum varaaflls, hversu lengi það getur haldið uppi nauðsynlegum rekstri og hvort það anní þeim lágmarksbúnaði sem þarf til að tryggja velferð fiska og koma í veg fyrir massadauða, súrefnisskort eða aðstæður sem geta aukið hættu á stroki.</i>	Áætluð raforkupörf er aðallega til dælingar á sjó og vatni úr borholum og til að dæla eldisvökva innan eldiskerja. Varaflastöðvar verða á svæðinu sem verða notaðar ef rafmagn slær út og þannig er baktrygging á rafmagni. Í umhverfismatsskýrslu verður nánar gert grein fyrir hvernig raforkupörf skiptist milli rekstrarþátta og afköstum varaafllstöðvar.
5.6	<i>Í kafla 3.5 er fjallað um eldisáætlun og líffræðilega gæðabætti. Að mati Matvælastofnunar þarf að fjalla um samlegðaráhrif vegna losunar frá eldinu með öðrum núverandi og verðandi framkvæmdum í næsta nágrenni. Í kaflanum kemur fram að hámarkspéttleiki verði um 80 kg/m³ og að eldið verði frá hrogni að allt að 6,5 kg sláturfiski. Að mati Matvælastofnunar þarf í umhverfismatsskýrslu að fjalla nánar um velferð eldisfisks við slíkan þéttleika, þ.m.t. súrefni, koltvísýring, vatnsgæði, hitastig, afföll, flokkun, dælingu milli eininga og viðbrögð ef vatnsgæði fara út fyrir skilgreind mörk. Einnig þarf að fjalla um samlegðaráhrif vegna ferskvatns- og sjóvatnstöku á svæðinu.</i>	Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á áhrif frárennslis á viðtaka. Út frá forsendum um lífmassa, fóðrun og vatnsnotkun og fræðilegum nálgunum verða reiknaðar út losunarstærðir á næringarefnum sem skila sér í frárennslis og tilsvarende súrefnisþörf fódurleyfanna. Þessar stærðir verða metnar fyrir hvern uppbyggingaráfanga en einnig verður lagt mat á samlegðaráhrif út frá forsendum annarra aðila sem losa í viðtakann í nágrenninu eða hygðast gera það, sbr. útgefin gögn þeirra úr matsferlum. Samlegðartilfelli verða ákvörðuð í samráði við HMS. Í umhverfismatsskýrslu verður einnig lagt mat á áhrif ferskvatns- og sjóvatnstöku. Stuðst verður við grunnvatnslíkan til að meta áhrif fyrir hvern uppbyggingaráfanga auk þess sem metin verða samlegðaráhrif með skilgreindri fyrirhugaðri framtíðar vatnstöku á svæðinu. Samlegðartilfelli verða ákvörðuð í samráði við HMS. Gætt verður að þéttleiki fari ekki of hátt og passað að eldisaðstæður séu réttar m.t.t. reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum.

5.7	Í kafla 3.5.2 er fjallað um fráveitu og fiskimikju. Að mati Matvælastofnunar er mikilvægt að gera frekari grein fyrir fóðri í gegn um eldisferilinn, hvernig hlutföll þurrefnis í fóðri skiptist eða skilar sér í eldisafurðir, slóg, haus/hrygg, fiskimykju og losun með fráveitu út í umhverfið. Þannig sé gerð betri grein fyrir heildstæðri losun frá eldinu og ætti að vera í grunntölum fyrir reksturinn. Í kaflanum er vísað til þess að „fiskimykja sé um 70% þurrefni þegar upp verði staðið og verði um 7.200 tonn á ári. Í upphafi kafla 3.5 er vísað til þess að fiskimykja verði að þurrvig 2.400 tonn en 7.200 tonn blautvig. Hér þarf að gera betur grein fyrir þessum hlutföllum því þarna eru misvísandi upplýsingar. Miðað við að þurrvig sé 2.400 tonn og blautvig 7.200 tonn bendir til þess að þurrefnisinnihald fiskimykju sé 33% en ekki 70%. Einnig þarf að gera grein fyrir talsverðri aukningu á losun frá eldinu ef matsáætlun er borin saman við umhverfismatsskýrslu Thor landeldis fyrir sambærilega framkvæmd. Í umhverfismatsskýrslu Thor landeldis frá 2024 er gert ráð fyrir að 1.800 tonn af þurrefni falli til en í þessari matsáætlun er gert ráð fyrir 2.400 tonnum. Matvælastofnun vill benda á að vinnsla, geymsla, flutningur og nýting fiskimykju getur verið leyfisskyld starfsemi. Gera þarf grein fyrir fyrirhugaðri meðhöndlun fiskimykju, ábyrgðaraðilum, geymslutíma, þurrkun eða annarri vinnslu, ráðstöfun og því hvernig komið verði í veg fyrir að fiskimykja verði smitleið eða valdi óæskilegri mengun.	Í umhverfismatsskýrslu verður betur gert grein fyrir hlutföllum þurrefnis í fóðri og meðhöndlum fiskimykju. Að öðru leyti vísar framkvæmdaraðili vísar til svars við umsögn 2.8 við þessum hluta umsagnar.
5.8	Í kafla 3.5.3 er fjallað um varnir gegn slysasleppingum. Að mati Matvælastofnunar þarf að vera mun ítarlegri um líffræðileg og erfðafræðileg áhrif slysasleppinga á villta laxastofna og þær ár sem eru næstar framkvæmdinni. Einnig þarf að gera mun betur grein fyrir flutningum á lifandi fiski með brunnbátum. Í kafla 4.3.3 um strok og erfðablöndun er vísað til þriggja þrepa varna, en vísað til tveggja þrepa í kafla 3.5.3. Einnig þarf að mati Matvælastofnunar að samræma þessa umfjöllun og gera nákvæmlega grein fyrir fjölda og eðli sjálfstæðra strokvarna í hverjum hluta stöðvarinnar. Ekki er fullnægjandi að vísa almennt til rista og tromlusía án þess að sýna	Eins og fram kemur í matsáætlun verður ítarlega gerð grein fyrir strokvörnum og hugsanlegum hættum sem leitt geta leitt til stroks í umhverfismatsskýrslu. Mat verður lagt á möguleg áhrif sökum stroks og erfðablöndunar, svo sem vegna fjarðlægðar frá laxa- og silungsveiðiáa. Gert verður grein fyrir öllum mögulegum leiðum sem fiskur getur farið úr eldiskerjum og hvernig tryggt verði að engin rekstrarstaða, viðhaldsaðgerð eða bilun geti leitt til þess að fiskur fari fram hjá virkri lokavörn. Gert verður grein fyrir viðbragðsáætlun, tilkynningum og viðbrögðum ef strok verður.

	<i>hvernig varnir virka við yfirföll, bilun, viðhald, hreinsun, hjáveitur, gólfniðurföll, dælingu milli kerja, dælingu í brunnbát og óvenjulegar rekstraraðstæður. Matvælastofnun telur að í umhverfismatsskýrslu þurfi að liggja fyrir sérstakt mat á strokvörnum fyrir stöðina. Þar þarf að gera grein fyrir öllum mögulegum leiðum sem fiskur getur farið úr eldiskerjum og út úr stöðinni, þar með talið frárennsli, yfirföll, drenlagnir, hjáveitur, brunna, hreinsistöðvar og lagnir til brunnbáta. Einnig þarf að gera grein fyrir því hvernig tryggt verði að engin rekstrarstaða, viðhaldsaðgerð eða bilun geti leitt til þess að lifandi fiskur fari fram hjá virkri lokavörn.</i>	Framkvæmdaraðili mun nota tveggja þrepa varnir til að koma í veg fyrir strok.
5.9	<i>Í kafla 3.5.4 er fjallað um sjúkdómavarnir. Að mati Matvælastofnunar þarf að fjalla mun betur um sjúkdómahættu og smitvarnir í umhverfismatsskýrslu. Gera þurfi grein fyrir hvernig samnýting á innviðum milli samliggjandi framkvæmda á innviðum m.t.t. seiðaflutninga eða sláturfisk milli svæða og hvernig staðið verði að smitvörnum þar á milli. Stöðin mun nýta bæði ferskvatn og jarðsjó úr borholum og við fullan rekstur er áætluð notkun jarðsjávar allt að 15 m³/sek. Í umhverfismatsskýrslu þarf að leggja mat á smitvarnalegt öryggi jarðsjávar og ferskvatns sem nýtt verður í eldisstöðinni og gera grein fyrir því hvernig tryggt verði eftir fremsta megni að smitefni úr umhverfinu berist ekki inn í eldiskerfi stöðvarinnar með inntaksvatni. Við mat á sjúkdómavörnum þarf einnig að horfa til staðsetningar stöðvarinnar og samlegðar við aðra fiskeldisstarfsemi á svæðinu. Í matsáætlun kemur fram að fleiri núverandi og fyrirhugaðar landeldisstöðvar eru staðsettar við Laxabraut vestan Þorlákshafnar og að gangi öll áform eftir geti samanlögð framleiðsla þriggja stærstu félaganna á svæðinu orðið 92.000 tonn af laxi á ári. Að mati Matvælastofnunar þarf í umhverfismatsskýrslu að fjalla um hvort og þá hvernig nálægð og umfang fiskeldisstarfsemi á svæðinu geti haft áhrif á smitvarnir, flutninga, rekjanleika, viðbragðsáætlanir og samhæfingu milli rekstraraðila ef upp kemur grunur um smitsjúkdóm eða önnur alvarleg frávík.</i>	Í umhverfismatsskýrslu verður nánar fjallað um sjúkdómavarnir, lyfja- og efnanotkun. Gerð verður grein fyrir vatnstöku, meðhöndlun vatns og þeim smit- og sjúkdómavörnum sem nauðsynlegar eru með hliðsjón af uppruna vatns, notkun þess í eldi og kröfum lögbundins eftirlits.

5.10	Í kafla 3.5.5 er fjallað um lyfja- og efnanotkun. Þar kemur fram að lyfjanotkun sé nánast óþekkt í íslensku fiskeldi. Að mati Matvælastofnunar er slík fullyrðing ekki nægjanleg umfjöllun um áhættu. Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir verklagi ef upp kemur sjúkdómur sem kallar á meðferð, þar með talið hlutverki dýralæknis, skráningu lyfjanotkunar, biðtíma, meðhöndlun frárennslis og tilkynningum til eftirlitsaðila. Einnig þarf að gera grein fyrir notkun, geymslu og förgun sötthreinsiefna og annarra efna sem notuð verða við reksturinn.	Í umhverfismatsskýrslu verður nánar gert grein fyrir lyfja- og efnanotkun. Haldið verður utan um efnanotkun hjá félaginu og farið að reglum um geymslu, meðhöndlum og förgun.
5.11	Í kafla 3.5.6 er umfjöllun um úrgang. Í umfjöllun um lífrænan úrgang sem myndast í eldinu og vinnslunni er gert ráð fyrir að dauðfiskur og slóg fari í meltugerð. Melta dauðfisksins verði sótt af aðilum sem nýti meltuna. Gert er ráð fyrir að settir verði upp tankar fyrir meltu og slóg innan framkvæmdasvæðis. Matvælastofnun telur að í umhverfismatsskýrslu þurfi að gera nánari grein fyrir meðhöndlun dauðfisks, slógs og annarra aukaafurða dýra, þ.m.t. söfnun, geymslu, sýrustillingu, flutningi, þrifum og sötthreinsun búnaðar, lekavörnum, skráningum og viðbrögðum ef upp koma aukin afföll eða grunur um smitsjúkdóm. Matvælastofnun bendir á að sækja þarf um skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra hjá stofnuninni.	Framkvæmdaraðili vísar til svars við umsögn nr. 2.8. Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingu á skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra hjá matvælastofnun.
5.12	Í kafla 4.3.3 er fjallað um strok og erfðablöndun og þar kemur fram að næstu ár við framkvæmdasvæðið séu Ölfusá í um 13 km fjarlægð og Sogós í um 15 km fjarlægð. Matvælastofnun telur rétt að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað nánar um nálægar lax- og silungsveiðiár, mögulegar gönguleiðir strokufiska, strauma, árstíðabundna áhættu, stærð og lífsstig fisks sem getur sloppið og áhrif þess hvort fiskur sé kynþroska eða ekki. Einnig þarf að gera grein fyrir viðbragðsáætlun, tilkynningum og viðbrögðum ef strok verður.	Framkvæmdaraðili vísar til svars við umsögn nr. 5.8.

5.13	Matvælastofnun telur að í umhverfismatsskýrslu þurfi einnig að gera grein fyrir áfangaskiptingu út frá eftirliti og áhættustýringu. Þar þarf að koma fram hvaða forsendur þurfi að vera uppfylltar áður en næsti áfangi er tekinn í notkun, m.a. varðandi virkni smitvarna, strokvarna, varaafls, súrefniskerfa, fráveituhreinsunar, úrgangsmeðhöndlunar og viðbragðsáætlana.	Áætlað er að byggja eldisstöðina upp í þremur áföngum. Í umhverfismatsskýrslu verða mismunandi áfangar bornir saman varðandi þá umhverfispætti sem við eiga. Sett verður upp vöktunaráætlun fyrir viðeigandi umhverfispætti þar sem áhrif eru vöktuð á milli áfanga svo mögulegt sé að bregðast við með mótvægisáðgerðum, ef þörf krefur. Vöktunaráætlun verður unnin í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og að höfðu samráði við Umhverfis- og orkustofnun og aðra eldisaðila á svæðinu fyrir viðeigandi umhverfispætti eftir því sem við á.
5.14	Með hliðsjón af framangreindu gerir Matvælastofnun ekki athugasemd við að unnið verði áfram að umhverfismati framkvæmdarinnar, en telur mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu verði lögð fram ítarlegri gögn um sjúkdómavarnir, fiskvæðing, innra eftirlit og viðbragðsáætlanir. Þar þarf m.a. að gera grein fyrir sjúkdómavarnaáætlun, viðbrögðum við auknum afföllum eða grun um smitsjúkdóm, vöktun heilbrigðis og væðing fiski, smitvarnalegu öryggi inntaksvatns, meðhöndlun dauðfisks og aukaafurða dýra, þrifum og sótthreinsun, aðgangsstýringu, flutningum, rekjanleika og viðbrögðum við bilunum í kerfum sem geta haft áhrif á heilbrigði eða væðing fiski. Matvælastofnun mun skoða frekar þau atriði og útfærslur sem snúa að stofnuninni þegar þau hafa verið útfærð nánar í umhverfismatsskýrslu.	Framkvæmdaraðili vísar til fyrri svara svið umsögn Matvælastofnunar nr. 5.2-5.13.
5.15	Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi til fiskeldis og hefur eftirlit með rekstri og búnaði í samræmi við lög um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með væðing og heilbrigði lagardýra og forvörnum gegn fisksjúkdómum í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar um leyfi og mun sækja um viðeigandi leyfi áður en framkvæmdir hefjast.
6	Veðurstofa Íslands, dags. 26.05.26	
6.1	Í kafla 2.1.2 er fjallað um náttúruvá og þar er minnst á eldgos og möguleika þess að hraunrennsli kunni að hafa áhrif á framkvæmdarsvæðið. Veðurstofan bendir á nýútgefna skýrslu um	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingu Veðurstofu Íslands um heimild um Hraunavá á Reykjanesskaga. Skýrslan verður tekin til greina við umfjöllun um náttúruvá á svæðinu.

	<i>Hraunavá á Reykjanesskaga - Langtímahættumat (https://www.vedur.is/media/ads_in_header/Hraunava-a-Reykjanesi.pdf) en þar kemur fram að líkur á hraunflæði eða gosupptökum eru mjög litlar á framkvæmdarsvæðinu. Hins vegar liggja ákveðnir innviðir sem tengjast framkvæmdarsvæðinu, t.a.m. vegir og rafmagnslínur, á hættusvæðum m.t.t. hraunavár.</i>	
6.2	<i>Í kafla 4.3.1 er fjallað um áhrif framkvæmda á grunnvatn og þar er listað upp gögn sem stuðst verður við í umhverfismatsskýrslu. Veðurstofan bendir á skýrslu um tillögu að aðferðafræðilegri nálgun við mat á magnstöðu grunnvatns (https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-ogvatn/VI_2019_012_vef.pdf_Magnstada%20grunnvatns.pdf).</i>	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingu á heimild um aðferðafræðilegri nálgun við mat á magnstöðu grunnvatns. Við mat á áhrifum vatnstöku á magnstöðu grunnvatns er stuðst við grunnvatnslíkan Vatnaskila af svæðinu, en því hefur verið beitt við mat á viðbrögðum grunnvatnsauðlindarinnar við vatnstöku á fersku og söltu vatni við Þorlákshöfn s.l. átta ár.
6.3	<i>Veðurstofan bendir á mikilvægi þess að samlegðaráhrif við aðrar fiskeldisstöðvar á svæðinu verði metin m.t.t. grunnvatnsauðlindarinnar til að betur sé hægt að meta magnstöðu og efnafraðilegt ástand grunnvatnshlotsins Selvogsstraumur 3 (104-290-G).</i>	Framkvæmdaraðili tekur undir mikilvægi þess að meta samlegðaráhrif við aðrar fiskeldisstöðvar á svæðinu. Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif dælingar á grunnvatns- og jarðsjávarstruma metin fyrir þá valkosti sem kynntir hafa verið í matsáætlun auk þess sem metin verða samlegðaráhrif með skilgreindri fyrirhugaðri framtíðar vatnstöku á svæðinu. Samlegðartilfelli verða ákvörðuð í samráði við HMS.
7	Sveitarfélagið Ölfus, dags. 26.05.26	
7.1	1. <i>Samlegðaráhrif með annarri starfsemi á svæðinu</i> Sveitarfélagið leggur áherslu á að í umhverfismatsskýrslu verði ítarlega fjallað um samlegðaráhrif fyrirhugaðrar starfsemi með öðrum landeldisstöðvum á svæðinu (First Water, Geo Salmo, Kaldvík, Arnarlax) sem og við aðra mögulega uppbyggingu. Samanlagður lífmassi og vatnstaka á svæðinu er umtalsverð og mikilvægt að meta heildaráhrif á grunnvatnsauðlindina og viðtaka með heildstæðum hætti. Sveitarfélagið telur jákvætt að framkvæmdaraðili hyggt vinna þetta í samráði við HMS.	Framkvæmdaraðili vísar til svars við umsögn nr. 6.3.
7.2	2. <i>Grunnvatns- og jarðsjávarauðlind</i> Sveitarfélagið leggur ríka áherslu á sjálfbæra nýtingu grunnvatnsauðlindarinnar í nágrenni Þorlákshafnar. Mikilvægt er að: • Vöktunaráætlun sem kynnt verður í umhverfismatsskýrslu verði samræmd vöktun annarra rekstraraðila á svæðinu þannig að unnt sé að fylgjast með heildarálagi á auðlindina.	Í umhverfismatsskýrslu verður lögð fram vöktunaráætlun til að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda

7.3	3. <i>Viðtaki og lífríki</i> Sveitarfélagið telur mikilvægt að mat á áhrifum á viðtaka og lífríki taki tillit til þeirrar staðreyndar að mörg eldisfyrirtæki losa í sama strandsjávarvatnshlot. Lagt er til að vöktunaráætlun verði samræmd milli rekstraraðila eftir því sem unnt er.	Líkt og fram kemur í matsáætlun verður vöktunaráætlun unnin í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og í samráði við Umhverfis- og orkustofnun og aðra eldisaðila á svæðinu eftir því sem við á. Samlegðaráhrif við önnur fiskeldisfyrirtæki og iðnaðarsvæði í nágrenni við Thor landeldi verða metin sem og heildaráhrif á vatnsgæðin og lífríki viðtaka. Samlegðartilfelli verða ákvörðuð í samráði við HMS.
7.4	4. <i>Sjóvarnir og náttúruvá</i> Í matsáætlun kemur fram að áformað er að reisa varnargarð meðfram strandlengju lóðarinnar. Sveitarfélagið óskar eftir að í umhverfismatsskýrslu verði gerð ítarleg grein fyrir: • Endanlegri hönnun og útliti varnargarðs. • Efnistöku vegna garðsins og uppruna efnis. • Samræmi við aðra sjóvarnaruppbyggingu á svæðinu. • Áhrifum á aðliggjandi strandsvæði (rofáhrif o.fl.).	Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir uppbyggingu varnargarða vegna framkvæmda en endanleg hönnun liggur ekki fyrir. Í umhverfismatsskýrslu verður þó nánar fjallað um fyrirhugaðar varnargarða.
7.5	5. <i>Skipulag og deiliskipulag</i> Sveitarfélagið staðfestir að framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag. Vinna við deiliskipulag fyrir lóðina þarf að fara fram samhliða umhverfismati, eins og fram kemur í matsáætlun, og verður unnin í samráði við framkvæmdaraðila.	Ekki er þörf á svari við þessum hluta umsagnar.
7.6	6. <i>Samgöngur og flutningar</i> Sveitarfélagið leggur áherslu á að í umhverfismatsskýrslu verði gerð grein fyrir áhrifum aukinna flutninga á vegakerfi sveitarfélagsins, sérstaklega á Suðurstrandarveg og Laxabraut. Áætlað umfang flutninga (15–20 gámaflutningar á viku við fullan rekstur) bætist við flutninga frá öðrum fiskeldisstöðvum á svæðinu og getur kallað á samgöngubætur. Þessi þáttur þarf að vera unninn í samráði við sveitarfélagið.	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um umferð sem tengist framkvæmdinni, bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Að mati framkvæmdaraðila er umfang umferðar vegna framkvæmda þó ekki það mikið að framkvæmdin kalli á samgöngubætur. Ekki er talin þörf á að meta umferðarsköpun eða önnur tengd áhrif sérstaklega. Tengingar við Laxabraut og Suðurstrandarveg verða skipulagðar í samráði við sveitarfélag og Vegagerðina. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir vegatengingum, bæði á framkvæmdatíma sem og framtíðartengingum.

7.7	7. Meðhöndlun fiskimykju Í matsáætlun kemur fram að fiskimykja verði nýtt til áburðargerðar eða dreift á tún og ræktarlönd. Sveitarfélagið óskar eftir að nánar verði fjallað um fyrirhugaðar förgunar- og nýtingarleiðir í umhverfismatsskýrslu, þar með talið flutningsleiðir og áhrif á nærumhverfi.	Framkvæmdaraðili vísar til svars við umsögn nr. 2.8.
7.8	8. Framkvæmdatími og aðstaða starfsmanna Sveitarfélagið óskar eftir að í umhverfismatsskýrslu verði gerð skýr grein fyrir áætluðum mannafla á framkvæmdartíma og rekstrartíma, þörf fyrir húsnæði, og samráði við sveitarfélagið um þjónustu og innviði.	Gert er ráð fyrir að starfsmannaaðstaða núverandi reksturs Thors landeldis verði einnig nýtt fyrir fyrirhugaða uppbyggingu. Núverandi rekstur Thors Landeldis er á lóð austan við fyrirhugað framkvæmdasvæði (Laxabraut 33, 35, 37 og 39). Í umhverfismatsskýrslu verður nánar gert grein fyrir mannafla á framkvæmdar- og rekstrartíma.
7.9	Niðurstaða Sveitarfélagið Ölfus telur matsáætlunina almennt vel unna og er jákvætt gagnvart verkefninu. Sveitarfélagið er reiðubúið til samráðs við framkvæmdaraðila og ráðgjafa á öllum stigum ferlisins.	Ekki er þörf á svari við þessum hluta umsagnar.
8	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 29.05.26	
8.1	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda kynningu matsáætlunar fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka. Embættið telur að áætlunin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið skal taka til. Þá gerir embættið ekki athugasemdir við hvernig til stendur að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, né heldur fyrirhugaða framsetningu þeirra í umhverfismatsskýrslu.	Ekki er þörf á svari við þessum hluta umsagnar.
8.2	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir brennsluverum þar sem nafnvarmaafli er 1-50 MW og spennistöðvum þar sem spennar innihalda yfir 2.000 lítra af olíu starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar um leyfi og mun sækj um viðeigandi leyfi áður en framkvæmdir hefjast.
9	Umhverfis- og orkustofnun, dags. 03.06.26	

9.1	Í kafla 1.2 kemur fram að árið 2024 hafi Thor landeldi ehf. lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar landeldisstöðvar í Ölfusi. Stöðin sé á lóð austan við framkvæmdasvæðið sem sé nú til skoðunar (Laxabraut 33, 35, 37 og 39). Í umhverfismatsskýrslu voru kynnti áform félagsins en þar kom fram að stefnt væri að framleiðslu á 20.000 tonnum á ári í þauleldi á landi en stöðin verði byggð í þremur áföngum. Í umhverfismatsskýrslu Thors landeldis¹, sem var lögð fram í feb. 2024, kemur fram að stöðin verði á lóðunum að Laxabraut nr. 35, 37, 39 og 41. Umhverfismatsferlinu lauk með álit Skipulagsstofnunar 17. júlí 2024. Misræmi er í gögnum um framkvæmdasvæðið. Það þarf að koma skýrt fram í umhverfismatsskýrslu hvert fyrirhugað framkvæmdasvæði er, hvort fyrirhugað er að eitthvað breytist á lóðinni nr. 41 frá fyrra mati. Umhverfis- og orkustofnun telur að áður en til greina komi að veita leyfi fyrir þeim framkvæmdum sem matsáætlunin fjallar um gæti þurft að breyta áður útgefnum leyfum stofnunarinnar til Thor landeldis með tilliti til staðsetningar.	Framkvæmdaraðili afsakar misræmi. Rétt er, eins og kemur fram í matsáætlun, að stöðin verður staðsett á lóðunum að Laxabraut 41 og 43. Fyrri starfsemi Thors landeldis er við Laxabraut 33, 35, 37 og 39. Engar breytingar verða því á lóð nr. 41. Lóðir og lóðanúmer má sjá á meðfylgjandi mynd. Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði metin, sem og samlegðaráhrif með öðrum fiskeldisfyrirtækjum og iðnaðarstarfsemi í nágrenni við Thor landeldi. 
------------	---	--

9.2

Leyfisveitingar

Í gildi er nýtingarleyfi Umhverfis- og orkustofnunar á grunnvatni (fersku og jarðsjó) til handa Thor landeldi ehf., við Laxabraut 35, 37, 39 og 41, í þremur áföngum sem hér segir:²

Lýsing	Meðalnýting á ári allt að (l/s)	Hámarksnýting á hverjum tíma (l/s)
Jarðsjór (selta $\geq 15\%$)		
1. áfangi	3.400	3.800
2. áfangi	8.500	9.400
3. áfangi	13.500	15.000
Ferskt grunnvatn (selta $\leq 1\%$)		
1. áfangi	270	300
2. áfangi	270	300
3. áfangi	450	500

Nýtingarleyfið er háð skilyrðum m.a. því að aukin vatnsnotkun 2. og 3. áfanga sé háð skriflegu samþykki Umhverfis- og orkustofnunar og er samþykkið háð niðurstöðum vöktunar um áhrif fyrri áfanga á grunnvatnshæð og stærð og þykkt ferskvatnslínu. Gögn sem þurfa að fylgja með umsókn um aukna vatnsnýtingu eru m.a. uppfært rennislíkán og uppfært áhrifamat vatnshlota.

Einnig er í gildi starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar sem tekur til landeldis á laxfiskum með allt að 13.150 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma að Laxabraut 35, 37, 39 og 41 í Þorlákshöfn³.

Umhverfis- og orkustofnun telur að ljóst sé af lestri matsáætlunar rekstraraðila að Thor landeldi hyggist fara í sambærilega framkvæmd og þegar er hafin á Laxabraut 35, 37, 39 og 41 á Laxabraut 41 og 43. Vegna gríðarlegrar ásóknar í nýtingu grunnvatns á svæðinu og óvissu um áhrif nýtingar á grunnvatnsstrauminn Selvogsstraumur 3 sem er takmörkuð auðlind, telur stofnunin að óljóst sé hvort forsendur séu til að heimila Thor landeldi frekari nýtingu grunnvatns á svæðinu áður en fyrir liggur hver áhrif af áformaðri grunnvatnsnýtingu á svæðinu sem fengist hefur leyfi fyrir eru. Samkvæmt 17. gr. auðlindalaga nr. 57/1998 þarf nýting að vera með þeim hætti að að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni.

Framkvæmdaraðili er meðvitaður um núverandi leyfi og þau gögn sem þurfa að fylgja með umsókn um aukna nýtingu við Laxabraut 33, 35, 37 og 39.

Framkvæmdaraðili hefur falið verkfræðistofunni Vatnaskil að skoða áhrif grunnvatnsnýtingar á grunnvatnshlot svæðisins með uppfærslu grunnvatnslíkans. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir grunnástandi vatnshlotsins og metin áhrif dælingar á grunnvatn, með áherslu á niðurdrátt grunnvatnsborðs og seltubreytingar. Áhrifin verða metin fyrir þá valkosti sem lagðir eru fram í matsáætlun en einnig verða samlegðaráhrif með skilgreindri fyrirhugaðri framtíðar vatnstöku á svæðinu metin.

Í umhverfismatsskýrslu verður lögð fram vöktunaráætlun til að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda.

9.3	Borholur og vatnsmiðlun Á bls. 9 í matsáætluninni segir „Allar ferskvatnsholur hafa verið boraðar og allar dælur fyrir sjóholur hafa verið keyptar, sem tryggir nauðsynlega vatnsöflun fyrir áframhaldandi rekstur og stækkun. Á lóðinni eru þegar 5 sjóholur virkar og er ráð fyrir að fyrsti fiskur fari í áframeldi í október 2026.“ Í þessu sambandi er vert að benda á að borun holna og kaup á dælum ein og sér eru ekki trygging fyrir nauðsynlegri vatnsöflun fyrir áframhaldandi rekstur og stækkun. Í þessu samhengi er minnt á skilyrði nágildandi nýtingarleyfis Thor landeldis sem fjallað er um hér að ofan.	Texti sem Umhverfis- og orkustofnun vitnar í lýsir núverandi rekstri Thors landeldis við Laxabraut 33, 35, 37 og 39. Framkvæmdaraðili er meðvitaður um núverandi nýtingarleyfi.
9.4	Á mynd 3.1 má sjá líklega staðsetningar borhola. Æskilegt er að í umhverfismatsskýrslu verði sýnd númer lóða við Laxabraut til að umsagnaraðilar geti glöggvað sig betur á samræmi milli umhverfismats og nýtingarleyfis.	Framkvæmdaraðili mun setja lóðanúmer inn á kort sem sýnir staðsetningu borhola í umhverfismatsskýrslu svo auðvelt sé að átta sig á samræmi á milli nýtingarleyfis og umhverfismats.
9.5	Umhverfis- og orkustofnun bendir á að fylgja skal reglum um skráningu, hönnun og frágangi borholna, sem og skil á upplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar, nr. OS-2019-R01-01⁴.	Framkvæmdaraðili mun fylgja reglum um skráningu, hönnun og frágang borholna og skila upplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar.
9.6	Mat á umhverfisáhrifum Fyrirhuguð vatnsnýting fellur undir lið 10.19 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, vinnsla grunnvatns eða íveita vatns í grunnvatn með 300 l/s meðalrennsli eða meira á ári. Samkvæmt því fellur framkvæmdin undir flokki A, sem matsskyld framkvæmd. Jafnframt fellur framkvæmdin undir lið 1.09 í 1. viðauka laganna sem þauleldi á fiski með með hámarkslífmassa 200 tonn eða meira með fráveitu til sjávar sem framkvæmd undir flokki B. Þar sem ekki eru til staðar upplýsingar á þessu stigi um uppsett raf afl varaafstöðvar framkvæmdanna liggur ekki fyrir hvort framkvæmdin falli undir lið 3.02 í 1. viðauka laganna sem fjallar um orkuver með 10 MW uppsett raf afl eða meira, sem framkvæmdin undir flokki A.	Í matsáætlun kemur fram að framkvæmdin falli undir flokk A samkvæmt lögunum og sé því ávallt matsskyld, sbr. tl. nr. 10.19 í 1. viðauka laganna. Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingu um að framkvæmdin falli einnig undir lið 1.09 í 1. viðauka laganna. Í umhverfismatsskýrslu verður nánar fjallað um uppsett raf afl varaafstöðvar.
9.10	Valkostagreining Fram kemur að aðalvalkostur felist í að Thor landeldi byggji 20.000 tonna landeldisstöð til þauleldis á landi, en núllkostur feli í sér að ekki verði ráðist í framkvæmdina. Framkvæmdaraðili muni ekki bera saman mismunandi valkosti fyrir staðsetningu stöðvarinnar í umhverfismatsskýrslu. Umhverfis- og orkustofnun telur að í ljósi ásóknar í grunnvatn á litlu svæði við suðurströndina í Ölfusi og þeirra miklu uppbyggingar sem það er áformuð þá þurfi að setja fram aðra raunhæfa valkosti fyrir staðsetningu í umhverfismatsskýrslu en eingöngu aðalvalkost og núllkost séu þeir til staðar.	Framkvæmdaraðili mun ekki setja fram mismunandi valkosti fyrir staðsetningu stöðvarinnar í umhverfismatsskýrslu. Eldisstöðin verður þó byggð upp í þremur áföngum. Í umhverfismatsskýrslu verða mismunandi áfangar bornir saman fyrir umhverfisþætti sem við á.

9.11	Samlegðaráhrif Samlegðaráhrif verða af rekstri allra fiskeldisfyrirtækja við Laxabraut og Nesbraut, sem nýta grunnvatn úr sömu straumum, gagnvart niðurdrætti og seltubreytingum, því er mikilvægt að vinna að vöktun, líkangerð, áhrifamati og mati mótvægisáðgerða sameiginlega eða að aðilar deili gögnum um stöðu auðlindarinnar og mæld áhrif hvers og eins á auðlindina. Mikilvægt er að við líkangerð sé stuðst við nýlegar mælingar og efnagreiningar á ástandi grunnvatns á í vatnshlotinu Selvogsstraumur 3 til þess að leyfisveitendur geti metið hvort nýtingin verði sjálfbær og sinnt þannig lögbundinni rannsóknarskyldu, skv. 10. grein stjórnsýslulaga. Leyfisveitendum ber einnig að gæta þess að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýtingin sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágreppi, skv. 17. gr. auðlindalaga. Jafnframt þarf að meta samlegðaráhrif framkvæmdanna með öðrum rekstraraðilum á svæðinu með tilliti til losunar næringarefna í viðtakann og tilsvarandi súrefnisþörf fóðurleyfanna. Fram kemur í matsskýrslu að áhrifin verði metin fyrir alla þrjá fyrirhugaða uppbyggingaráfanga en jafnframt verði samlegðaráhrif metin út fra forsendum annara aðila sem losa í viðtakann á svæðinu. Vatnaskil muni meta dreifingu efna sem berast með frárennsli í viðtakann, með áherslu á dreifingu nitrats og fosfats, súrefniskrefjandi efna og súrefnisstyrk.	Framkvæmdaraðili tekur undir með Umhverfis- og orkustofnun um mikilvægi þess að meta samlegðaráhrif á svæðinu vegna vatnstöku og frárennslis. Að öðru leyti vísar framkvæmdaraðili til svara við umsögnum 2.2 og 5.6 við þessum hluta umsagnar.
9.12	Tengsl við aðrar áætlanir Umhverfis- og orkustofnun bendir á að þar sem framkvæmdin gerir ráð fyrir grunnvatnsnýtingu þarf að fjalla um áhrif hennar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027⁵. Í vatnaáætlun er krafa um að þeir sem valdi álagi á vatnsauðlindina eigi að framkvæma mælingar á gæðapáttum vatnshlotanna áður en framkvæmdir hefjist. Ástand grunnvatns skal metið eftir magnstöðu þess og efnafræðilegum þáttum skv. 11. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Umhverfismarkmið grunnvatnshlota eru að ástand beggja þátta sé gott. Þá skal tryggja sjálfbæra nýtingu grunnvatns þannig að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar, sbr. 12. gr. laganna.	Mat verður unnið á áhrifum vatnstökunnar á grunnvatn og áhrifum fráveitu á viðtaka í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um áhrifamat vatnshlota. Metið verður hvort framkvæmdin kunni að hafa áhrif á umhverfismarkmið vatnshlota.

9.13	Kalt vatn Grunnvatnsaðstæður á Reykjanesskaga eru um margt óvenjulegar, jafnvel fyrir Ísland, þar sem tiltölulega þunnt lag af fersku vatni rennur ofan á fullsöltum jarðsjó og víða gætir sjávarfalla í grunnvatnsgeyminum tugkilómetra frá ströndu. Umtalsverð úrkoma fellur á fjallgarðinn á miðjum skaganum og leiðni jarðlaga er mikil, einkum í nútímahraunlögum og víða í grágrytislögum undir þeim. Nokkur sprungukerfi auka enn frekar á vatnsleiðni og víða streymir umtalsvert vatn neðanjarðar til sjávar. Ferskvatnslinsan er viðkvæm fyrir upptöku þar sem saltvatn getur dregist upp í hana ef of skarpt er unnið og spillt auðlindinni til langs tíma. Ferskvatnslinsan þynnist til sjávar og við ströndina gætir seltuáhrifa frá sjó. Gífurleg ásókn hefur verið í grunnvatn á takmörkuðu svæði í Ölfusi. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum t.a.m. úr mats- og leyfisferlum hjá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun og Umhverfis- og orkustofnun er vinnsla nú hafin eða áform liggja fyrir um vinnslu á allt að 62.000 l/s af jarðsjó, einnig rúmlega 5.700 l/s af fersku grunnvatni að mestu úr vatnshlotinu Selvogssraumur 3 eða sem samsvarar ríflega meðalrennsli Elliðaáa sem er um 5.500 l/s. Ferskvatnslinsan á svæðinu er ekki einungis viðkvæm fyrir vinnslu á fersku grunnvatni. Sú mikla jarðsjávarvinnsla sem fyrirhuguð er á svæðinu öllu er líkleg til að valda vatnsborðslækkun á allstóru svæði. Slík vatnsborðslækkun er líkleg til að þynna ferskvatnslinsuna á svæðinu. Því er afar mikilvægt að reynslugögn úr nýtingu borholna á svæðinu séu nýtt við uppfærslu grunnvatnslíkans sem hermir áhrif af vinnslu ferskvatns og jarðsjávar. Þá er einnig undirstrikað mikilvægi þess að grunnvatnslíkan af svæðinu sýni áhrif hvers og eins áfanga verkefnisins og samanburð við aðra fyrirhugaða vinnslu á svæðinu.	Eins og fram kemur í svari við umsögn 9.2 verða áhrif vatnstöku á grunnvatn metin með grunnvatnslíkani þar sem áhersla mælinga er á niðurdrátt grunnvatnsborðs og seltubreytingar. Reynslugögn úr rannsókna- og vöktunarborunum á vegum Thor landeldis ehf., Sveitarfélagsins Ölfuss, Hydros, Heidelberg, Carbfix og annarra framkvæmdaraðila á svæðinu verða nýtt til að uppfæra grunnvatnslíkan Vatnaskila. Áhrif vatnstöku verða metin fyrir hvern áfanga en einnig veður tekið tillit til samlegðaráhrifa með annarri fyrirhugaðri vinnslu á svæðinu.
9.14	Raforkupörf og varaafli Samkvæmt matsaætlun er áætluð rafmagnsnotkun stöðvarinnar um 2,7 MW í fyrsta áfanga, 6,8 MW í 2. áfanga og 10,8 MW í 3. áfanga. Fram kemur að varaafstöð fyrir stöðina verður í einu tækjahúsanna. Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á því að stofnunin veitir nú starfsleyfi fyrir virkjanir og orkuveitur yfir 1MW.	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar um leyfi og mun sækja um viðeigandi leyfi áður en framkvæmdir hefjast.

9.15	Frárennsli og hreinsun Kröfur um hreinsun á fráveituvatni eru settar fram í reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun. Umhverfis- og orkustofnun hefur einnig gefið út ýmsar leiðbeiningar varðandi fráveitumál, þar á meðal <i>Leiðbeiningar um eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu</i>⁶ sem hægt er að hafa til hliðsjónar. Starfsemin skal jafnframt vera í samræmi við reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Fram kemur í matsáætlun að notast verði við tromlusiur til þess að hreinsa frárennslið áður en því er veitt í viðtakann. Ekki kemur hins vegar fram hvernig hreinsun skólps verðir háttað með tilliti til reglugerðar um fráveitur og skólphreinsun, m.a. hve mikil hlutfallsleg hreinsun verði á heildarmagni svifagna að né hve mikil lækkun verði á BOD₅-gildi skólps. Æskilegt er að með umsókn um starfsleyfi liggi fyrir upplýsingar um áætlaða losun í frárennsli til að hægt sé að ákvarða hvaða hreinsikröfur gera þarf til starfseminnar á grundvelli regluverksins. Fram kemur í kafla 4.3.2 í matsáætlun að lagt verði frekara mat á áhrifum á viðtaka og lífríki í viðtaka í umhverfimatsskýrslu, verða reiknaðar út losunarstærðir á næringarefnum sem skila sér í frárennsli og tilsvarende súrefnisþörf fóðurleyfanna. Sérfræðingar á vegum Vatnaskila munu meta dreifingu efna sem berast með frárennsli í viðtakann, með áherslu á dreifingu nitrats og fosfats, súrefniskrefjandi efna og súrefnisstyrk. Jafnframt verða metin áhrif á hitastig og seltu viðtakans. Stuðst verður við fyrirbyggjandi gögn úr mælingum á næringarefnum og blaðgrænu árið 2025 til þess að leggja mat á áhrif framkvæmdar á svifþörungum, magn næringarefna og botnþörungum og fjöru. Í áhrifamati á vatn þarf að fjalla um losun næringarefna og mögulegra annarra efna sem notaðar eru t.d. við þrif í stöðinni og áhrif þeirra á gæðabætti strandsjávar, vísast að öðru leyti í kaflann um <i>Áhrifamat fyrir vatn</i> hér á eftir. Starfsemin er háð starfsleyfi stofnunarinnar, sbr. 2. tl. viðauka II við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fram kemur í matsáætlun að starfsleyfi þurfi frá heilbrigðisnefnd samkvæmt 14. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólps. Með setningu reglugerðar um fráveitur og skólphreinsun nr. 1450/2025 varð sú breyting að ef starfsemi er starfsleyfisskyld hjá Umhverfis- og orkustofnun veitir stofnunin jafnframt leyfi fyrir fráveitu- og hreinsibúnaði.	Í umhverfimatsskýrslu verður nánar fjallað um fráveitu. Í áhrifamati verður fjallað um losun næringarefna og mögulegra annarra efna sem notuð eru við framkvæmdina. Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar um leyfi og mun sækja um viðeigandi leyfi áður en framkvæmdir hefjast.
------	---	---

9.16	Úrgangur Fram kemur í matsskýrslu að verið sé að skoða að þurrka fiskimykjuna og búa til áburð til landbúnaðar og uppgræðslunota, en eins og staðan er núna er ekki búið að ákveða aðferð þar sem þetta úrvinnslumál er á frumstigi og verið er að vinna þessa lausn með stjórnvöldum. Dauðfiskur og slóg fer í meltugerð með maurusýru og er meltan m.a. nýtt í dýrafóður. Fram kemur að markmið Thor landeldis er að sem mest af úrgangi fari í endurvinnslu. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að nú þegar hefur landeldisfyrirtækjum hér á landi reynst erfitt að finna farveg fyrir þann úrgang sem krafist er að fyrirtækin sýi úr frárennsli áður en því er veitt í viðtaka, þ.e. fiskiseyruna. Stofnunin telur gríðarlega mikilvægt að fjallað verði um raunhæfa kosti í tengslum við meðhöndlun úrgangs í umhverfismatsskýrslu og leggur því til að úrgangsmyndun og ráðstöfun úrgangs verði sérstakur matsþáttur í skýrslunni. Gera þarf ítarlega grein fyrir þeim möguleikum sem eru fyrir hendi til að lágmarka myndun úrgangs frá landeldinu, hvernig hægt sé að stuðla að endurnýtingu úrgangs eða förgun og þeim umhverfisáhrifum sem stafa af mismunandi fyrirkomulagi hvað það varðar. Ein meginforsenda þess að hægt sé að fara í framleiðslu af slíku umfangi sem hér er fjallað um er að lausn finnist á því hvernig fiskiseyran verði meðhöndluð. Stofnunin telur afar jákvætt og í raun nauðsynlegt að endurnýtingarmöguleikar séu skoðaðir því fiskiseyra er næringarrík og inniheldur m.a. fosfór, nitur og kolefni, sem nýta má t.a.m. til áburðar- eða orkuvinnslu. Rekstraraðila verður gert að vera með skýra áætlun um meðhöndlun úrgangs samkvæmt starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar. Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á því að þar sem stofnunin veitir starfsleyfi fyrir fiskeldi starfseminnar á grundvelli II. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir veitir stofnunin jafnframt leyfi fyrir meðhöndlun seyru, þ.m.t. flutningur, notkun og hreinsun á grundvelli 67. tl. IV. viðauka laganna.	Eins og fram kemur í svari við umsögn nr. 2.8 mun framkvæmdaraðili skýra nánar í umhverfismatsskýrslu hvernig meðhöndlun, geymslu, flutningi og ráðstöfun lífræns úrgangs frá starfseminni verður háttað. Þar verður gerð grein fyrir meginleiðum við nýtingu eða förgun, eftir því sem við á, hvaða aðilar kunna að taka við úrgangi og að nauðsynleg leyfi og skilyrði þurfi að liggja fyrir áður en slík ráðstöfun hefst. Ef gert verður ráð fyrir nýtingu úrgangs sem áburðar eða til landbóta verður einnig gerð grein fyrir helstu forsendum þeirrar ráðstöfunar. Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á að úrgangur og meðhöndlun úrgangs verði sérstakur matsþáttur í umhverfismatsskýrslu. Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar um leyfi og mun sækja um viðeigandi leyfi áður en framkvæmdir hefjast.
9.17	Áhrifamat fyrir vatn Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu grunnvatnshlot ná þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau. Samkvæmt 12. gr. laganna má ástandi vatnshlota ekki hnigna hvorki tímabundið né varanlega. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflokka í vatnaáætlun. Tryggja ber sjálfbæra nýtingu grunnvatns svo að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar. Vöktunargögn þurfa að nýtast til líkangerðar á svæðinu og til mats á ástandi auðlindarinnar hverju sinni. Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á að áhrifamat fyrir vatn sé unnið snemma í ferlinu og liggi fyrir samhliða umhverfismatsskýrslu.	Áhrifamat vatnshlota verður unnið samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar. Áhrifamatið mun liggja fyrir samhliða umhverfismatsskýrslu.

9.18	Annað Á bls. 15 er vísað til þess að fiskeldisstöðin við Nesbraut 23-27 sé nú Arnarlax, áður Íspór. Rétt er að Eldisstöðin Íspór er í eigu Arnarlax en rekin á eigin kennitölu 660509-0380, m.v. þær upplýsingar sem stofnunin fékk vegna nýtingarleyfis grunnvatns sem var gefið út í desember 2025 fyrir Íspór.	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingu um eignarhald á fiskeldisstöðinni við Nesbraut 23-27.
10	Fiskistofa, dags. 05.06.26	
10.1	<i>„Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstarfsemi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra.</i> <i>Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum á ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Það er því mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Í matsáætlun kemur fram í kafla 3.5.3. að varnir gegn slyasleppingum og viðbragðsáætlun séu ítarlegar og að í umhverfismatsskýrslu muni verða gerð grein fyrir búnaði og verklagi sem ætlaður sé til að koma í veg fyrir slyasleppingar s.s. ristar, grindur og síur í frárennsli. Þá verði einnig fjallað um leiðir til að koma í veg fyrir slys við flutning lifandi fisks í brunnbát. Því telur Fiskistofa að litlar líkur séu á því að fiskar muni berst frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska.</i>	Framkvæmdaraðili telur þennan hluta umsagnarinnar vera í samræmi við það sem fram kemur í umhverfismatsskýrslu og tekur undir með Fiskistofu.
10.2	<i>Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hættu á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni.“</i>	Ekki er þörf á svari við þessum hluta umsagnar.